

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 34/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

28. febrúar 1983

Nr. 104

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 461 1. nóvember 1979, með síðari breytingum.

3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins vegna íbúðarhúsnæðis skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,52 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 6,08 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir afnot heita vatnsins vegna annars en í íbúðarhúsnæðis skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,68 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 6,08 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 32,10.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla og miðast gjald fyrir selda orku við það mark sem hemillinn er stilltur á. Gjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði skal vera kr. 610,00.

Orkubúi Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og heitir stillingu, ef notandi fer fram á það við Orkubúíð.

Hæsta stilling hemils gildir í eitt ár í senn miðað við 1. september—31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

5. gr. orðist þannig:

Heimáðagjöld fyrir hitaveitur Orkubús Vestfjarða skulu vera sem hér segir:

a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis ... kr. 17 250,00

Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 kr. 14,00

b) Af nýju húsnæði, breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun, og jafnframt húsnæði samkvæmt a) sem ekki tengist hitaveitunni innan 6 mánaða frá því að af tengingu getur orðið:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmm húsnæðis kr. 23 930,00

Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 kr. 20,80

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálsgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 200 m³.

7. gr. orðist þannig:

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 465,00.

Heimilt er Orkubúi Vestfjarða að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr. 1. mgr. orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1482 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976 til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 35/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 105

28. febrúar 1983

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga nr. 387 27. desember 1973,
með síðari breytingum.**

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald kr. 128,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil og kr. 192,00 á mánuði fyrir hvern mæli.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald kr. 256,00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra í hámarksstillingu hemils og kr. 11,80 fyrir hvert tonn um mæli.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 34/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 106

28. febrúar 1983

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977,
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 75,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.